

Nr. 25.  
25.  
sept.

## Opið brjef

um

nýjar kosningar til alþingis.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að Vjer höfum með opnu brjefi, dagsettu í dag, leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allramildastur vilji Vor, að nýjar kosningar til alþingis fyrir næstu 6 ár skuli fara fram á tímabilinu frá 2. til 6. júní 1903, að báðum dögum meðtöldum.

Fyrir því bjóðum Vjer og skipum fyrir allramildilegast, að almennar kosningar til alþingis fari fram á nefndu tímabili samkvæmt ákvæðum kosningarlaganna, og viljum Vjer hjermeð allramildilegast ákveða, að kjörtíminn fyrir allar kosningar skuli talinn frá 1. júlí 1903.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 25. september 1902.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

---

***Alberti.***

# Aabent Brev

angaaende

Udskrivning af nye Valg til Altinget.

Nr. 25.  
25de  
Septbr.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Eftersom Vi ved aabent Brev af Dags Dato have opløst det nuværende Alting, er det Vor allernaadigste Vilje, at der i Tiden fra den 2den til den 6te Juni 1903, begge Dage inklusive, skal foretages nye Valg til Altinget for de næste 6 Aar.

Thi byde og befale Vi herved allernaadigst, at der til det nævnte Tidspunkt bliver at afholde et almindeligt Valg af Medlemmer til Altinget, overensstemmende med de i Valgloven foreskrevne Regler, og ville Vi herved lige allernaadigst have fastsat, at Valgtiden for samtlige nye Valg bliver at regne fra 1ste Juli 1903.

Hvorefter alle vedkommende sig allerunderdanigst have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 25de September 1902.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***